



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ  
STARFSMANNASKRIFSTOFA

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund

Dagsetning

17. apríl 1996

Tilvísun

0012/BG/há

150 REYKJAVÍK

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120 / 1579*

*komudagur 19 / 4 1996*

Félagsmálanefnd Alþingis hefur með bréfi, dags. 27. f.m., sent samninganefnd ríkisstj. í launamálum, væntanlega samninganefnd ríkisins, til umsagnar "frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, 415. mál, sáttastörf, vinnustaðafélög, vinnustöðvun o.fl."

Frumvarp það til laga um breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, sem hér um ræðir er, eins og kemur fram í greinargerð, samið á vegum félagsmálaráðherra, og byggt m.a. á grundvelli ábendinga sem fram koma í áfangaskýrslu tiltekins vinnuhóps sem og umræðna innan hans. Í greinargerðinni er skipan téðs vinnuhóps og starfshættir raktir þ.m.t. skil skýrslu hinn 22. nóvember 1995 og að hann hafi haldið 48 fundi. Fulltrúar fjármálaráðherra í hópnum eru þeir Birgir Guðjónsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og til vara Gunnar Björnsson, deildarstjóri á sömu skrifstofu. Vinnuhópur þessi mun formlega enn vera starfandi.

Við athugun á tilnefndu frumvarpi verður ekki annað séð en efnisatriði þess og framsetning falli í öllum meginatriðum að þeim málflutningi er fulltrúar fjármálaráðuneytisins, sem jafnframt eru forsvarsmenn samninganefndar ríkisins, settu fram í nefndarstarfi félagsmálaráðuneytisins. Samninganefnd ríkisins getur því fyrir sitt leyti stutt framgang þess frumvarps er hér um ræðir, en efni þess varðar samninganefndina beinlínis því hún gerir fjölmarga (25) samninga sem byggjast á lögum nr. 80/1936 um stéttarfélög og vinnudeilur, auk þess sem skipulag og starfshættir sáttasemjaraembættisins varðar hana miklu.

Félagsmálanefnd er auðvitað kunnugt að um kjarasamningsgerð opinberra starfsmanna gilda sérstök lög nr. 94/1986 með síðari breytingum. Ákvæði þessara laga eru um margt frábrugðin að efni lögum nr. 80/1938, t.d. fer viðurkenning stéttarfélags eftir hlutlægum skilyrðum, stéttarfélagsaðild er ekki skylda, forgangsréttarákvæði eru ekki í lögnum, ákvæði um atkvæðagreiðslu eru strangari og vissar hömlur lagðar á verkfallsrétt. Ákvæði þessi rekast ekki á tillögur téðs frumvarps, en athygli er vakin á þeim hér svo nefndin hafi heildarsýn á leikreglum vinnumarkaðarins við umfjöllun sína um þetta 415. mál þingsins. Að gefnu tilefni skal hér sérstaklega bent á 2. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986, en með vísun til þeirra hafa tvö vinnustaðafélög verið stofnuð, Starfsmannafélag Alþingis og Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar.

F.h.r.

*Birgir Guðjónsson*

Birgir Guðjónsson